

KOSNINGAR 8. APRÍL

Hverju hefur Kvennalistinn breytt?

FYRIR tólf árum ákváðu íslenskar konur að bjóða fram sérstakan lista til Alþingiskonsinga. Hugmyndin var ekki ný af nálinni en vorið áður höfðu konur í Reykjavík og á Akureyri boðið fram kvennalista í sveitarstjórnarkosningum. Kvennalistarnir skiluðu strax þeim árangri að konum fjölgæði á þingi og í sveitarstjórnunum og um leið var eytt þeirri bábilju að ástæðan fyrir valda- og áhrifaleysi kvenna væri af því að konur hefðu ekki áhuga á stjórmálum.

Íslenskir stjórnmálauflokkar

Íslenskir stjórnmálauflokkar urðu til á fyrrri hluta þessarar aldar og var ætlað að gæta hagsmunu ákveðinna hópa og stéttu eins og bænda, atvinnurekenda, verkamanna o.s.frv. Konur áttu líttinn sem engan þátt í mótu stjórnmálauflokkanum og hafa átt á brattann að sækja við að komast þar til áhrifa. Engin kona hefur t.d. gegnt formennsku í íslenskum stjórnmálauflokki, framþjóðendasætin eru jafnan þétt setin af karlmönnum enda hafa þeir allir innan sinna ráða sérstakar kvennahreyfingar þar sem konur ráða ráðum sínum og bindast samstöðu um ákveðin mál.

Valdakerfi eru ekki náttúrulögjmál

Stjórnmálauflokkarnir eiga það einnig sameiginlegt að ráða valdinu upp í þíramíðum þar sem völdin eru mest hjá þeim sem sitja efst og minnst hjá þeim sem bera þíramíðum uppi. Þessi valdauppbrygging er

arfur gamalla stjórnun-
arháttá sem byggir á
því að sumir menn séu
öðrum æðri. Þeir sem
tróna efst á toppi pí-
ramíðans telja sig í full-
um rétti til að drottina
yfir öðrum og ráðskast
með líf þeirra og eru
oft, þótt skýtið sé,
dýrkaðir af þeim sem
þeir sitja ofan á. Þetta
fyrirkomulag og hug-
myndafræðin sem býr
að baki er arfur feðra-
veldisins og miðar að
því að sjá fólk fyrir
sterkum föðurlegum
ímyndum og leiðtogum
sem annast ákvarðanatökur fyrir það
en svipta um leið fólk frumkvæði. Konur eiga þána ekki upp á pall-
borðið enda er það launamisrétti sem
konur búa við afsprengi þeirrar hug-
myndafræði að karlar séu konum
æðri og störf þeirra minna virði.

En þetta kerfi er ekkert náttúru-
lögjmál og margt bendir til að það
sé á undanhaldi eins og þeir vita
gerst sem fylgjast með þeiri þróun
sem hefur átt sér stað í nútíma
stjórnarháttum eða gæðastjórnun en
þar er þíramíðum einfaldlega snú-
ið við.

Sagan um himnaríki og helvítí

Séra Auður Eir segir frá gamalli
helgisögn í bók sinni um Kvenna-
guðfræði. Hún fjallar um manna sem
vildi fá að vita um muninn á himnaríki
og helvítí. Honum var fylgt inn



María Jóhanna
Lárusdóttir

í rúmgott og bjart herbergi þar sem fólk sat við kringlótt matarbord. Á miðju borðinu var skál með nógum og góðum mat. En bordið var svo stórt að fólkid purfti að hafa skeiðar með svo löngum sköftum að það gat ekki stungið þeim upp í sig. Allir voru að deyja úr hungri. Þetta var auðvitað helviti. Svo var farið í himnaríki. Þar var allt alveg eins nema þar mataði fólkid hvert annað með löngu skeiðunum.

Kvenfrelsi og valdið

Kvenfrelsi felur í sér að breyta af-
stöðunni til valdsins. Menn eiga ekki
að nota það til að drottina yfir - heldur
eigum við að delia valdinu hvert
með öðru. Kvennalistakonur hafa
þyrjað á sjálfum sér með því að nota
önnur vinnubrögð en tíðkast í hefð-
bundnum stjórnmálauflokum. Við
kjósum ekki formann en dreifum
valdi og ábyrgð og tökum ákvarðan-
ir um það sem við getum sameinast
um án þess að meirihlutinn kúgi
minni hlutann í atkvæðagreiðslu.
Þessi aðferð felur í sér að konur
segi skodanir sína og tjái tilfinningar
sínar og að það sé hlustað á þær
og þær teknaðar alvarlega. Stefnuskrá-
in okkar er gott dæmi um þessi
vinnubrögð, hún er unnin af konum
hvaðanæva af landinu, konum sem
er á mismunandi aldir og búa við

ófík kjör en eiga sér sameiginlegan
draum um samfélag þar sem allar
manneskjur fá hluta af valdinu og
virða sinn rétt og annarra til að
móta umhverfi sitt. Hún tekur til
allra þeirra málaflokka er móta íslenskt
samfélag og felur í sér vald-
dreifingu, langtímagamarkmið og
heildarsýn, sem tekur mið af því
hvernig hin pólitíská ákvörðun kem-
ur til með að hafa áhrif á líf kvenna,
karla og barna.

Ottinn við breytingar

Kvennalistinn á undir högg að
sækja þessa dagana. Stjórnmálafor-
ingjar fjórflokkanna endurtaka í sí-
bylu að fyrirbærið sé úrelt, þeir
hafi hleypt konum að, kvennabar-
áttan sé á villigötum, kvenfrelsi fel-
ist í einstaklingshyggjunni eða fé-

Pað er mikilvægt segir
**María Jóhanna Lárus-
dóttir, að Kvennalistinn
fái brautargengi í kom-
andi kosningum.**

lagshyggunni o.s.frv. Dropinn holar
steininn, það er gömul saga og ný,
og sumir eru farnir að trúa því að
stefnumálum Kvennalistans sé betur
borgið í gömlu stjórnmálauflokku-
num. En staðreyndin er sú að þeir
sem sitja á valdastólum óttast þetta
afl sem hefur leyst úr læðingi sköp-
unarmátt kvenna og samstöðu gegn-
ríkandi skipulagi.

Jákvæður sköpunarkraftur kvenna

Okkur kvennalistakonum hefur
tekist að breyta áherslunum í íslenskri
pólitík með því að horfa á
mál frá sjónarhlíð kvenfrelsins sem
er jákvætt af og setur spurninga-
merki við rískjandi skipulag. Við
höfum vakið athygli á málaflokum

sem áður þóttu ekki hæfa í opin-
berri stjórnmálaumræðu eins og of-
beldi á konum og börnum og rangl-
átu dómsskerfi sem dæmir stúlkum
lægri miskabætur en drengjum,
fært umræðuna í utanríkismálum
upp úr hægri og vinstri hjólförum
um veru bandarískra hersins á Ís-
landi og tengt hana friðar- og um-
hverfismálum. Fæðingarorlof er nú
sex mánuðir og menn komast ekki
upp með það lengur að fela eða
réttlæta það launamisrétti sem konur
eru beittar.

Ný sýn - nýjar aðferðir

Margvisleg hugtök sem hafa
skapað nýjar víddir í íslenskum
stjórnmálum eru orðin þekkt og
sjálfsögð eins og kvennamenning,
reynsluheimur kvenna, þrója víddin,
hagfræði hinnar hagsýnu hús-
móður, kvennapolitík o.fl. Hug-
myndir um byggðavkóta, fullnyt-
ingu sjávarafurða, atvinnusköpun
sem byggir á hinu smáa eru einnig
komnar frá kvennalistakonum þótt
margir vildu nú Lilju kveðið hafa.

Þetta eru einungis örfa dæmi um
þá nýsköpun sem íslenskar konur
hafa fært inn í pólitíkina - lausar
úr viðjum miðstýrðra flokkakerfa
sem þær hafa hvorki búið til né átt
þátt í að móta.

Pað er mikilvægt að Kvennalistinn
fái brautargengi í komandi kos-
ningum til að takast á við þau óþrójt-
andi verkefni sem blasa við íslensku
þjóðfélagi. Karlaveldið hefur gengið
sér til húðar. Pað eru konur sem
hafa nú eitthvað til málanna að
leggja, nýja sýn - nýjar aðferðir.
Sá jákvæði sköpunarkraftur sem
býr með konum og aldrei hefur áður
verið nýttur í þágu stjórnmála né
samfélags býr í því kvenfrelsi sem
Kvennalistinn leggur til grundvallar
stefnumálum sínum.

**Höfundur skipar 4. sæti
framboðslista Kvennalistans í
Reykjavík.**